



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. P 131/61
komudagur 12. 11. 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10 Reykjavík
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2004
Tilvísun: 2004100036

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.

Á nýafstöðnum ársfundi ASÍ var samþykkt ályktun um skatta- og velferðarmál. Í ályktuninni segir m.a: „Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og meðaltekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 23 milljarða. Veruleg hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágur tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru skattkerfisbreytingar sem koma þeim sem eru með lægri- og millitekjur að mestu gagni.”

Frumvarpið sem hér er til umfjöllunar fellur vel að þeim áherslum sem fram koma hér að framan. ASÍ tekur því undir efni þess og mælir með því að það verði samþykkt. ASÍ vill þó benda á að m.v. ástand og horfur í efnahagslífinu skiptir tímasetning og umfang skattalækkana miklu til að forðast að þær leiði ekki til aukinnar þenslu.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ